

Sveitarstjórn - 289 (21.2.2017) - Frá 287. fundi umhverfisráðs frá 03.02.2017; Tillaga að tímabundinni niðurfellingu eða afslætti á gatnagerðargjöldum í Dalvíkurbyggð

Málsnúmer : 201701040
Málsaðili : Dalvíkurbyggð
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 21.02.2017

Inngangur : Á 287. fundi umhverfisráðs þann 3. febrúar 2017 var eftirfarandi bókað:
"Á 809. fundi byggðarráðs var eftirfarandi tillögu vísað til umsagnar umhverfisráðs. "Í 6. gr. Samþykktar um gatnagerðargjald í þéttbýli sveitarfélagsins Dalvíkurbyggðar segir um sérstaka lækkunarheimild eða niðurfellingu gatnagerðargjalda, sbr. 6. gr. laga nr. 153/2006, að hana megi viðhafa við: „Sérstakar ástæður, t.d. þétting byggðar, atvinnuuppbygging, lítil ásókn í lóðir eða eftirspurn eftir leiguhúsnæði." Í samræmi við þetta samþykkir byggðaráð að beita tímabundið ákvæði 6. gr. 1. mgr. að fella niður gatnagerðargjöld af byggingum einstaklinga og fyrirtækja á lóðum við þegar tilbúnar götur. Þetta ákvæði gildir frá samþykkt þess í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar og út árið 2020 og miðast þá við að framkvæmdir hefjist innan þessara tímamarka."
Í samræmi við þetta samþykkir umhverfisráð að beita tímabundið ákvæði 6. gr. 1. mgr. að fella niður gatnagerðargjöld af byggingum einstaklinga og fyrirtækja á lóðum við þegar tilbúnar götur. Þetta ákvæði gildir frá samþykkt þess í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar og út árið 2020 og miðast þá við að framkvæmdir hefjist innan þessara tímamarka." Samþykkt með fimm atkvæðum."

Til máls tóku:
Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson.
Bjarni Th. Bjarnason.

Fleiri tóku ekki til máls.

Niðurstaða : Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum ofangreinda tillögu og afgreiðslu umhverfisráðs.